

# Myndlistasmiðja

## Lota II

Sjónræn miðlun, málun.  
Námslýsingar fyrir  
tilraunakennslu

EKKI TIL ANNAÐAR

# EKKI til dreifingar

**Heiti námslýsinga:**

Námslýsingar fyrir Myndlistasmiðju í tilraunakennslu

**Lengd náms:**

120 kennslustundir, 80 klukkustundir

**Fjöldi eininga:**

Allt að 10 einingar

**Hverjum ætlað:**

Ætlað þeim sem eru 20 ára eða eldri, eru á vinnumarkaði og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

1. útgáfa 2013

---

## Efnisyfirlit

<i>Inngangur .....</i>	<b>1</b>
<i>Markhópur og markmið .....</i>	<b>2</b>
<i>Mat til eininga .....</i>	<b>2</b>
<i>Starf listamanns .....</i>	<b>2</b>
<i>Kynning .....</i>	<b>3</b>
<i>Skapandi starf .....</i>	<b>4</b>
Lota II 80 klst. ....	4
<i>Mat á námi og námsleið .....</i>	<b>6</b>
<i>Verkdagbók .....</i>	<b>7</b>
Forsíða .....	7
Tímaskýrsla .....	8
Vinnulýsingar og námsefni .....	9



EKK til dreifingar

EKK til dreifingar



---

## Heimild

Reykjavík zz.zz.zzzz

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir Yyyyyyy heimild til að kenna í tilraunakennslu samkvæmt námslýsingum „Myndlistarsmiðja – Sjónræn miðlun, málun“ með tilvísunarnúmerinu xxxxxxxx. Heimildin gildir frá zz.zz.zzzz – 31.12.2013. Heimildina skal vista í verkdagbókum námsmanna.

Yyyyyyy skilar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins greinargerð sem lýsir reynslu af rekstri smiðjunnar.

EKK til dreifingar

## Inngangur

Eftirfarandi námslýsingar eru byggðar á námsskránni „Opin smiðja“, sem Mennta-og menningarmálaráðuneytið heimilar að verði notuð í tilraunakennslu í eitt ár.

Árið 2010 var námsskráin „Opin smiðja“ þróunarverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar til að skrifa námslýsingar fyrir smiðju. Í smiðju er áhersla lögð á nám til að skipuleggja, undirbúa, vinna og skila verki sem er starf eða hluti starfs á vinnumarkaði.

Námsskráin Opin smiðja lýsir viðmiðum fyrir 80 klukkustunda (120 kennslustunda) nám. Námið fer fram í tveimur lotum. Viðmið lotu I eiga við nám byrjenda sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn en viðmið lotu II eiga við nám lengra kominna námsmanna sem læra með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum.

Námslýsingar þessarar smiðju er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem fá heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að skipuleggja nám samkvæmt henni. Námslýsingarnar eru einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur um að þeir sem fá heimild til að nota þessar námslýsingar framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir.

## Markhópur og markmið

Markhópur smiðju eru einstaklingar 20 ára eða eldri, með stutta formlega menntun og eru á vinnumarkaði.

- Í lotu eitt læri námsmenn vinnuferli í gerð myndlistaverka og framsetningu þeirra undir handleiðslu sem miðast við nýliða í skapandi starfi.
- Í lotu eitt verði áhersla á undirstöðu þekkingu, leikni og hæfni fyrir nýliða á svið sköpunar og framsetningu.
- Í lotu eitt læri námsmenn og tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að þeir eflí samvinnu- og samskiptafærni sína.
- Einnig er lögð á að námsmenn nái færni með námi gegnum vinnu og að þeir afli sér þekkingar og leikni með vinnu sinni.

## Mat til eininga

Námslýsingar fyrir myndlistasmiðju í tilraunakennslu eru byggðar á námsskránni Opin smiðja, sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið, með bréfi dagsettu 20.06.2013 heimilaði að verði notuð í tilraunakennslu í eitt ár.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið heimilar að námslýsingar sem byggja á námsskránni Opin smiðja og Fræðslumiðstöð atvinnulfsins heimilar til tilraunakennslu megi meta til allt að 10 eininga.

Til að meta styrkleika einstaklings er til dæmis hægt að nota:

- Verkdagbók sem geymir formlega heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulfsins á námslýsingum þessarar smiðju, gögn sem námsmaðurinn safnaði um verk sem hann vann, tímaskýrslur um námstíma og leiðsagnarmat.
- Starfsferilsskrá.
- Einstaklingsviðtöl, sjálfsmat.
- Lokamat.

## Starf listamanns

- Starf Listamanns hefur margvíslag birtingaform og tilgang.
- Fagmenna listamannsins þjónar m.a. samfélagit með því að túlka heiminn á skapandi hátt fyrir manneskjuna sem njótanda.
- Myndlistin hefur félags- og sálfræðilegan tilgang.
- Myndlistin er spegill samtímans.
- Myndlistin leiðir af sér breytingar í samfélagit.

## Kynning

Leiðbeinandi gerir grein fyrir:

- Skipulagi smiðjunnar
- Skapandi starfi, hvernig það styrkir áræðni, frumkvæði, sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir í daglegur lífi.
- Námsaðstöðu
- Áhöldum og notkun þeirra.
- Verklýsingum.
- Námsefni.
- Námsaðferðum.
- Vettvangsheimsóknum.
- Stundaskrá.
- Verkdagbók/skissubók, tilgangi hennar og ráðlögðu verklagi.
- Helstu fag hugtökum sem notuð eru.
- Námsmati, sí- leiðsagnar- og lokamatí.

Áherslubættir smiðjunnar:

- Hugmyndavinna, úfærsla og grunnatriði listmálunar er helsta viðfangs efni lotunnar.
- Lögð er áhersla á að þjálfa litaskyn með litafræðiformúlum og tengja umhverfinu. Námsmenn tileinka sér litgreiningu og að mála eftir fyrirmynnd.
- Að námsmenn kynnist alhliða litafræði og áhöldum ásamt framsetningu í myndfleti og tölvu.
- Læri að þekkja grundvallarhugtök og reglur í litafræði og málun.
- Auki færni sína í að tjá sig á myndfleti í málun.
- Verði fær um að mála lagskipt með mismunandi áhöldum og aðferðum.
- Máluð verða ákveðin viðfangsefni sett fram með tilliti til myndbyggingar í formi og lit.
- Námsmenn þróa sínar eigin hugmyndir með því að styðjast við ofangreindar aðferðir og setja þær fram í þar til gerða skissubók/Verkdagbók.

## Skapandi starf

### Lota II

80 klst.

- Leiðbeinandi sér um verklýsingar<sup>1</sup>, dæmi og annað námsefni fyrir þennan námsþátt.
- Aðalmarkmið: Að námsmenn
  - öðlist almenna þekkingu á listgrein sinni ásamt sögulegu gildi lista, átti sig á mikilvægi skapandi hugsunar, framsetningu og möguleikum myndlistaverka, þróunarferli og hinni eiginlegu niðurstöðu geri sér grein fyrir mikilvægi myndbyggingar í formi og lit.
  - verði færir um að blanda litatóna eftir formúlum litafræðinnar, með mismunandi aðferðum og áhöldum.
  - verði færir um að ná fram mismunandi hughrifum með myndbyggingu í formi og lit með mismunandi áhöldum og aðferðum.
  - þekki algengustu aðferðir við að fanga hugmyndir og þróa.
  - auki þekkingu sína, leikni, færni og sjálfstæði í notkun lita á myndfleti, hugmyndavinnu og framsetningu.
  - skynji og skilji mátt sköpunarkraftsins og þekki helstu leiðir til þess að setja fram hugmyndir og þróun þeirra á tölvutæku formi.
  - kynnist helstu litakerfum sem notuð við myndvinnslu og í prentsmiðjum.
- Fræðsluaðili leggur til skissubók/verkdagbók<sup>2</sup> og ákveður, í samráði við leiðbeinanda, tíma til þessa námsþáttar.
- Námsefni: Frá leiðbeinanda.
- Námsaðferð: Innlögn, leiðsagnarmat, verklýsing, samræður, jafningjafræðsla og vinna undir handleiðslu.
- Námsmat: Símat með leiðsagnarmati.

Merktu í hölf undir 3 fyrir afar gott en undir 0 fyrir óviðunandi. Ekki merkja við efni sem hefur ekki verið farið í.

Færir skissubók/verkdagbók alla daga námstímans <sup>3</sup>	0	1	2	3
Færir vinnuskýrslu.				
Safnar verklýsingum.				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum og hugmyndum.				
Safnar leiðsagnarmati.				
Safnar öðru námsefni.				
Vinnur að þjálfun í litanotkun	0	1	2	3
Útskýrir þróunina í lagskiptri litablöndun.				
Kynnir grunn litafræðinnar í sjónrænni framsetningu				
Gerir grein fyrir litablöndun, formum og myndbyggingu.				
Gerir grein fyrir möguleikum litafræðinnar.				
Gerir grein fyrir áhöldum og aðferðum				
Vinnur samkvæmt verklýsingu	0	1	2	3
Gerir grein fyrir viðfangsefninu.				
Vinnur hugmyndavinnu.				
Rannsakar möguleika á hughrifum og framsetningu.				
Greinir möguleika út frá myndbyggingu í formi og lit.				
Leitar lausna við útfærslu hugmynda..				
Þróar og hannar hugmynd..				
Gerir uppkast af sjónrænu verki í lit.				
Lætur reyna markvisst á hugmyndina.				
Fullynnur málverk á tvívíðan flöt.				
Gengur frá og setur fram málverk				
Kynnir verk sín fyrir samnemendum.				

<sup>1</sup> Verklýsing í merkingunni teikning, sniðmynd, sériteikningar, myndir, munstur, snið, uppskriftir, leiðarvísir, handrit, leiðbeiningar, fyrirmæli, verkstjórn eða aðrar lýsingar á verki og/eða vinnulagi. Einnig verkfæralistar, efnislistar og gátlistar.

<sup>2</sup> Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms til að leggja fram með umsókn vinnu eða skóla. Í verkdagbók er safnað efni sem varða undirbúning og framvindu verks. Einnig minnisatriði, hugleiðingar, ályktanir og leiðsagnarmat.

<sup>3</sup> Námstími er allur tími sem varið er til náms í og utan kennslustunda.

Kveikir og vinnur hugmyndir samkvæmt markmiði sínu.	0	1	2	3
Gerir grein fyrir aðalmarkmiðum sínum.				
Gerir gein fyrir persónulegri gagnsemi hugmyndavinnu.				
Gerir grein fyrir helstu efnisatriðum við þróun hugmynda.				
Gerir grein fyrir áhöldum, aðstæðum og aðferðum við að vinna úr hugmyndum.				
Greinir dæmi um vel heppnaða hugmyndavinnu.				
Gerir grein fyrir hindrunum í þróun hugmynda				
Gerir grein fyrir árangri að settu markmiði.				
Gerir grein fyrir algengu verklagi við undirbúning, framkvæmd og framsetningu hugmyndar.				

Notar tölvu við hönnun í litakerfum	0	1	2	3
Litsetur form og myndir				
Útskýrir helstu litakerfin				
Sækir og vistar skjöl fyrir frekari myndvinnslu.				
Leitar upplýsinga á netinu.				

Vinnur hugmyndir að kynningu	0	1	2	3
Gerir grein fyrir markmiðum kynningar.				
Gerir grein fyrir helstu leiðum kynningar.				
Nefnir dæmi um starf sem vinnur að kynningarmálum.				
Nefnir dæmi um hvar hægt er að afla sér frekari þekkingar á sviðið kynningarmála.				
Nefnir dæmi um fyrirtæki sem selur þjónustu á þessu sviði.				

Notar tölvu sem myndrænan tjáningarmiðil	0	1	2	3
Sett fram eigin hönnun, á tölvutæku formi				
Útfærir hugmyndir sínar.				
Notar samfélagsmiðla við hugmyndavinnu.				
Afritar og límir inn.				
Sækir og vistar skjöl.				

Vinnur með öðrum, gagnrýnir og tekur við gagnrýni	0	1	2	3
Gerir grein fyrir hvað felst í uppbryggilegri gagnrýni.				
Útskýrir algeng listfræðileg viðhorf í listsþópun.				
Notar algengt fagmál sem notað er í almennri myndlistarumræðu.				
Gerir grein fyrir algengu verklagi við undirbúning og framsetningu.				

Virkni í námi	0	1	2	3
Tekur þátt í umræðum um verkefni, verklag og leiðbeiningar.				
Vinnur leiðsagnarmat.				
Ástundun	0	1	2	3
Stundaði nám í a.m.k. 80% af námstíma með leiðbeinanda.				
			Dags.	
Nafn þess sem metur			/	

Annað sem þú vilt taka fram?

---



---



---



---

## Mat á námi og námsleið

Markmiðið er að í lok smiðjunnar leggi námsmenn mat á hvernig smiðjan hefur tekist.

Krossaðu í hólf undir 3 fyrir það sem þér finnst til fyrirmyndar. Krossaðu í hólf undir 0 fyrir það sem þér finnst ekki frambærilegt. Ekki fylla í reiti við spurningar sem eiga ekki við.

Hvaða einkunn gefur þú?	0	1	2	3
Fannst þér verkefnin áhugaverð?				
Voru leiðbeiningar góðar?				
Voru verklýsingar góðar?				
Voru aðstæður góðar?				
Finnst þér að þú hafir lært mikið?				
Var gagn af leiðsagnarmatinu?				
Finnst þér gagn af skissubókinni/verkdagbókinni?				
Treystir þú þér til að vinna svona verk samkvæmt leiðbeiningum leiðbeinanda?				

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

# Verkdagbók

## Forsíða

Eigandi verkdagbókar:

- 
- Tilgangur skissubókar/verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.
  - Í skissubók/verkdagbók er safnað efni til þess að
    - auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar.
    - þú og leiðbeinandinn geti metið framvindu og árangur námsins.
    - vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna hana öðrum.

- Nauðsynlegt er að fært sé í skissubók/verkdagbók á hverjum degi.
  - Framsetning efnis getur verið skrifleg, með rissi, teikningum, ljósmyndum og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem námsmaðurinn kýs.
  - Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
    - verklýsingar, áætlanir, hugmyndir og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
    - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
    - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Tímaskýrsla<sup>1</sup>

Blaðsíða \_\_\_\_ af \_\_\_\_

<sup>1</sup> Í tímaskýrslu er skráður allur tími sem varið er til náms í og utan kennslustunda.

# Vinnulýsingar og námsefni<sup>1</sup>

EKKI til dreifingar

<sup>1</sup> Í vinnulýsingu og námsefni er safnað verklysingum, myndum, teikningum, rissi, minnisatriðum, hugleiðingum, ályktunum og öðru sem hjálpars bér að muna, auðveldar bér að rifja upp og vitnar um nám þitt, vinnu og verk sem þú vannst.

EKK til dreifingar